



Fjórði fundur stjórnar HSV, starfsárið 2024-25

Haldinn 8 janúar 2025. kl. 20:00.

Fundurinn var haldinn á kaffistofu Ístækni við Sindragötu.

Mættir: Sigurður Jón Hreinsson, Sif Huld Albertsdóttir, Magnús Þór Bjarnason, Páll Janus Þórðarson og Hafsteinn Már Andersen. Einnig sátu fundinn að hluta til, þær Guðbjörg Ebba Högnadóttir og Birna Hannesdóttir starfsmenn svæðisstöðva ÍSÍ á Vestfirðum.

1. Formaður setur fundinn en á dagskrá eru sjö atriði og svo önnur mál.

2. Úthlutun lottótekna til aðildarféлага HSV.

Ræddar reglur og kröfur einstakra aðildarféлага um að taka til endurskoðunar iðkendatölur hjá félögum innan HSV. Bréf barst í vikunni frá ÍSÍ varðandi eftirlitsskyldu héraðssambanda með iðkendatali. Í bréfinu var hinsvegar ekki bent á neitt verkfæri til að yfirfara iðkendatölurnar. Þær Birna og Ebba tóku að sér að kanna hvaða leiðir væru mögulegar til að sannreyna listana.

Þá ákveður stjórn að fela þeim það verkefni að svara fyrirspurnum vegna skráninga í félög. Mun HSV senda úr frétt þess efnis að sökum annmarka í aðgangsstýringum og nálgun persónuupplýsinga hefur félaginu ekki verið unt að svara fyrirspurnum sem hafa borist vegna málsins. Bendir félagið á að fyrirspurnirnar skuli berast til svæðisfulltrúanna.

Umræður um “iðkenndur”, hvað er iðkandi. Hvernig er hægt að finna sanngjarna leið við að skrá iðkanda sem er kannski bara 3 vikur á námskeiði vs. iðkanda sem er að æfa allt árið. Þetta er eitthvað sem UMFÍ þyrfti að skoða. Líklega væri heppilegast ef hægt er, að fá iðkendatölur gefnar upp í “mannmánuðum”. Þannig væri td. iðkandi sem væri skráður í hálf ár, að skila sex mannmánuðum í lottótekjur til síns félags.

Þá er einnig full þörf á að endurskilgreina hugtakið félagsmaður, í ljósi þess að skráður félagsmaður skilar lottótekjum til íþróttafélaga, þótt í minni mæli sé en iðkandi. Þá ræður félagsmannafjöldi atkvæðavægi á héraðsþingum.

3. Trúnaðarrestir og vantraust

Rætt um trúnaðarrest milli stjórnarmanna HSV og Ísafjarðarbæjar hvað varðar samstarfssamning milli félagsins og Ísafjarðarbæjar. Óskað verður eftir fundi með nýjum bæjarstjóra á næstu dögum.

Rætt um þá mjög alvarlegu stöðu sem uppi er innan héraðssambandsins, þar sem stjórnarmenn og áhangendur aðallega tveggja íþróttagreina bera hvor annan þungum sökum og hvort að ekki væri æskilegast að fá aðstoð frá samskiptaráðgjafa ÍSÍ til að höggva á hnútinn.

4. Tímatafla íþróttamannvirkja.



Á mánudaginn síðasta fundaði íþróttta og tómsbundanefnd ásamt fulltrúum handboltans, körfuboltans og formanni HSV um breytingu á tímatöflu íþróttamannvirkja. Náðst hafði niðurstaða sem sátt var um, í þá átt að fjölga tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi með því að stytta kvöldtímana úr 60 mínútum í 50 mínútur. Við þessa litlu breytingu fjölga tímum á Torfnesi sem leysir brýnasta vanda handknattleiksdeildar Harðar.

Ebba og Birna yfirgefa fundinn.

5. Uppbyggingasamningar

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu, varðandi uppbyggingarsamninga:

Stjórn HSV skorar á Ísafjarðarbæ að gera uppbyggingarsamning við Hestamannafélaginu Hendingu til næstu 4-5 ára, sem tryggi uppbyggingu á útisvæði félagsins í Engidal og nýti til þess meginhluta af árlegu fjármagni fyrir uppbyggingarsamninga.

Rétt er að minna á að Ísafjarðarbær tók æfinga- og keppnissvæðið af Hendingu árið 2008 og afhenti svæðið Vegagerðinni, án þess að félagið fengi ráðrúm til að bregðast við á neinn hátt. Samningar náðust á milli Hendingar og Ísafjarðarbæjar árið 2016, þar sem gert var ráð fyrir að gerður yrði uppbyggingarsamningur um byggingu keppnisvallar í Engidal í framhaldi af byggingu inniaðstöðu. Sá uppbyggingarsamningur hefur enn ekki litið dagsins ljós. Í dag er Hestamannafélagið Hending eina íþróttafélag innan HSV sem hefur enga keppnisaðstöðu á sínu félagssvæði. Umræður um tillöguna og eftir lítilsháttar orðalagsbreytingu er tillagan samþykkt af stjórn.

1. gr.

Sameiginleg markmið.

Þó samkomulagið nái aðeins til byggingar reiðskemmu, skal til lengri tíma litið miða við að aðstæður til iðkunar hestaíþróttta verði eins og gott þykir á Íslandi miðað við nútímakröfur. Auk reiðskemmu verður, í samræmi við 5. grein þessa samkomulags, byggt upp útisvæði með keppnisvelli sem stenst kröfur fyrir úrtöku fyrir Landsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum.

2. gr.

Annar tilgangur

Annar tilgangur samkomulagsins, er að rjúfa þá kyrrstöðu sem verið hefur í uppbyggingu á svæði hestamanna í Engidal. Vilji Ísafjarðarbæjar er að með samkomulaginu verði félagsmönnum Hendingar skapaðar aðstæður til íþróttaiðkunar sem telja má betri en þær sem félagið missti árið 2008.

Við undirritun samkomulags þessa mun Hending falla frá öllum frekari kröfum um bætur, á hendur Ísafjarðarbæ eða Vegagerðarinnar vegna mannvirkja þeirra er stóðu á Búðartúni í Hnífsdal.

Fyrstu tvær greinar í samkomulagi Ísafjarðarbæjar og Hendingar



6. Sjóðir HSV – Afrekssjóður – Búnaðarsjóður – Þjálfarasjóður
Tilbúið til auglýsingar.
Afrekssjóður verður auglýstur í dag 8 jan.
Þjálfarasjóður eftir helgina ca. 14. jan
Búnaðarsjóður verður auglýstur í sömu frétt og þjálfarasjóður.
Sif Huld tekur saman auglýsingar og undirbýr póstinn.
7. Afsagnir stjórnarmanna.
Frá síðasta stjórnarfundi hafa tveir stjórnarmenn sagt af sér og töluverð hættta er á að fleiri geri það á næstunni. Tekin umræða um að setja sérstaka neyðarreglugerð sem skyldi formenn aðildarfélaganna til að setjast í stjórn eða mynda nýja stjórn, svo héraðssambandið verði ekki óstjórnlegt. Tillagan samþykkt og formanni falið að skrifa drög að reglugerð sem send verður formönnum aðildarfélaganna til kynningar.
8. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2024
Athöfnin fer fram um næstu helgi, sunnudaginn 12 janúar 2025 og fer fram á veitingastaðnum Logni á Hótel Ísafirði og hefst hófið kl.15:00. Stjórnarmenn eru hvattir til að mæta.
9. Önnur mál
 - Endurskoðun á úthlutunarreglum styrkja. Nefnt var að kominn væri tími á endurskoðun á ýmsum af þeim reglum sem gilda um úthlutun styrkja, td úr afrekssjóði, þar sem reglur eru klárlega að mismuna íþróttagreinum. Í þessu samhengi var bent á að ekki virðist vera gerð krafa um að einstaklingar sem tilnefndir eru til íþróttamaður Ísafjarðarbæjar, séu skráðir iðkendur í aðildarfélögum HSV, né félagsmenn. Og ekki er gerð krafa um að viðkomandi sé með lögheimili í sveitarfélaginu. Eina krafan sem er gerð, er að viðkomandi keppi undir merkjum aðildarfélags HSV. Stjórnarmenn nokkuð sammála um að reglurnar hafi í för með sér mismunun eftir íþróttagreinum.
 - Rætt um frístundastyrki og hvaða áhrif þeir kunnu að hafa á æfingagjöld. Hafa þarf auga með því hvort að hækkun verði á iðkendagjöldum með upptöku frístundastyrkja. Styrkurinn er ætlaður til að styrkja foreldra í að bjóða börnum sínum upp á frístundastarf við hæfi, ekki til að bæta afkomu íþróttafélaga.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Páll Janus